

BORGARRÁÐ 11. maí 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundargerð stafræns ráðs frá 26. apríl 2023 - MSS23010009

Spurt er um fundargerð stafræns ráðs frá 26. apríl sl. 2. liður, um gagnahögun. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá að vita hver raunveruleg staða gagnaframsetningar er hjá Reykjavíkurborg núna. Þá er átt við hverju öll þessi gagnavinna þeirra gagnaeininga sem orðið hafa til innan þjónustu og nýsköpunarsviðs hefur skilað í fullkláruðum lausnum undanfarin þrjú ár. Einnig vill fulltrúinn fá að vita á hvaða hátt almenn gagnavinnsla sé öðruvísi hjá Reykjavíkurborg en hjá öðrum sveitarfélögum og þeim borgum sem við viljum bera okkur saman við? Af hverju er ekki hægt að innleiða tilbúnaðar gagnalausnir og hefjast þannig handa við framsetningu og miðlun gagna til borgarbúa og starfsfólks? Bent er á að þrátt fyrir allt þetta er enn um mikla gagnaóreiðu að ræða hjá Reykjavíkurborg og fyrirspurnum til borgarinnar oft svarað bæði seint og illa. 3. liður, um gagnagreiningu. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita, í ljósi vægast sagt bágborinnar stöðu borgarsjóðs, hvort „gagnadrifin ákvörðunartaka“ sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur verið að kynna undanfarin ár, sé almennt komin í notkun innan borgarinnar en lesa má úr kynningunni að ætlunin sé enn og aftur að uppgötva og þróa alla ferla og gagnalausnir upp á eigin spýtur með tilheyrandi notendarannsóknum. Allflestar þessar innanbúðaruppgötvanir sviðsins á lausnum ættu að vera til og í notkun annars staðar. Áður hefur verið bent á að sú nálgun sem sviðið beitir í hinni stafrænu vegferð er verulega gagnrýniverð enda bæði dýr og tafsöm. 4. liður, um hagnýtingu gagna. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita af hverju svo mikilli vinnu hefur verið eytt í uppfærslur á sorphirðudagatali Reykjavíkur sem búið er að vera lengi virkt í einfaldari mynd á vef borgarinnar. Í framhaldi er óskað upplýsinga um af hverju þetta endalæsa nostur við sorphirðudagatalið hafi lent ofar í forgangsröðun sviðsins undanfarin ár en mörg önnur ókláruð stafræn verkefni eins og til dæmis innritanir barna í leik- og grunnskóla. Einnig er óskað skýringa á því af hverju sviðið ætlar sér að fara að leggja mikla vinnu í að búa til svokallaðar „gagnasögur“ til að birta á vef borgarinnar ásamt því að leggjast í miklar notendarannsóknir til að komast að því hvaða „gagnasögur“ borgarbúar eru mest spenntir að fá að lesa á vefnum. Hvaða þarfir borgarbúa er verið að reyna að uppfylla með allri þessari „gagnasagnavinnu“? Einnig er spurt hver sé eftirspurnin eftir svona löguðu á vef Reykjavíkurborgar, sem ekki er beint hægt að skilgreina sem vinsælan afþreyingarvef. 5. liður, um virði gagna. Um er að ræða almenna kynningu þjónustu- og nýsköpunarsviðs á gögnum og ýmsum gagnahugtökum ásamt tilheyrandi upptalningum og flæðiritum. Þess vegna spyr fulltrúi Flokks fólksins hvaða tilgangi þessar kynningar þjóna þegar þær fjalla nánast allar um það sama, sem er það hvað sé hægt að gera við gögn og hvers virði gögn séu o.s.frv.